

Nd.

305. Frumvarp

til laga um Rafveitulánasjóð Íslands.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Rafveitulánasjóður Íslands. Tilgangur sjóðsins er að styrkja sveitar- og bæjarfélög og orkuveitufélög eða orkuveitusambönd til þess að byggja vatnsaflsstöðvar til raforkuframleiðslu eða til að gera orkuveitur út frá vatnsaflsstöð.

2. gr.

Ríkissjóður leggur Rafveitulánasjóði til $\frac{1}{2}$ millj. kr. sem stofnfé á árinu 1931. Ríkisstjórninni er heimilt að taka fé þetta að láni að nokkru eða öllu leyti, ef þörf krefur. Sjóðurinn greiðir ríkissjóði 6% ársvexti af stofnfénu. Fyrstu fimm árin greiðir sjóðurinn engar afborganir af stofnfénu, en að þeim liðnum endurgreiðir hann ríkissjóði það á 20 árum með jöfnum ársgreiðslum.

Ennfremur skulu sjóðnum lagðar til árlega til ársloka 1942 tekjur af tóbakseinkasölu ríkisins, frá kr. 250—300 þúsund, er bætist við höfuðstól sjóðsins. Verði tekjur af tóbakseinkasölu eitthvert árið minni en 250 þús. kr., skal ríkissjóður leggja mismuninn fram.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu eiga sæti 5 menn, er atvinnumálaráðherra skipar til þriggja ára í senn. Forstöðumaður rafmagnseftirlits ríkisins og ráðunautur ríkisstjórnarinnar í vatnamálum (nú vegamálastjóri) skulu eiga sæti í stjórninni. Ráðherra ákveður þóknun stjórnenda.

4. gr.

Fyrst um sinn, þangað til stjórn sjóðsins með samþykki ráðherra gerir aðra ákvörðun, hefir Landsbanki Íslands á hendi alla afgreiðslu Rafveitulánasjóðs. Verði ágreiningur, úrskurðar ráðherra upphæðina.

5. gr.

Upphæð lána úr sjóðnum má nema allt að $\frac{4}{5}$ virðingarverðs vatnsorkuvers eða raforkuveitu, sem lánin eru veitt til. Venjulega skulu lánin eigi koma til útborgunar fyrr en vatnsorkuver það eða raforkuveita, sem lánað er til, er fullgert. Þó má lán koma til útborgunar að nokkru leyti meðan verkið stendur yfir, ef nægilegt veð er fyrir. Aldrei má lána úr sjóðnum nema ábyrgð hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélags, orkuveitufélags eða orkuveitusambands sé einnig fyrir láninu.

6. gr.

Lána skal úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 1932, ef umsókn liggur fyrir, er stjórn sjóðsins tekur gilda, og síðan má á hverju ári lána allt handbært fé sjóðsins, ef umsóknir liggja fyrir, að frádregnum þeim upphæðum, sem þarf til þess að standast greiðslu afborgana og vaxta af stofnfjárláninu og rekstrar-kostnað.

7. gr.

Lán úr sjóðnum má veita til allt að 25 ára, og mega þau vera afborgun- arlaus fyrstu 5 árin af lánstímanum. Í vexti af lánnum þessum skal greiða 5% á ári, og skulu vextirnir greiðast hálfárslega eftir á. Afborganir skulu greiðast í lok árs þess, er þær falla í gjalddaga. Skal greiðslum afborgana hagað þannig, að samanlögð upphæð vaxta og afborgana verði jöfn öll árin.

8. gr.

Rafveitulánasjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

9. gr.

Í reglugerð fyrir Rafveitulánasjóðinn má setja þau nánari ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg kunna að þykja, þó ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í lögum þessum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögnum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal Rafveitulánasjóður taka til starfa samkvæmt þeim eigi síðar en 1. janúar 1932.

Greinargerð.

Það er eitthvert mesta nauðsynjamál islenzku þjóðarinnar, að virkjað verði til almenningsþarfa svo mikið vatnsafl, að landsmenn geti alstaðar þar, sem því verður við komið, haft næga og ódýra raforku til lýsingar, suðu, smá-iðjurekstrar og jafnvel hitunar. Ýmsar skoðanir hafa komið fram um það, á hvern hátt heppilegast væri að ná því marki, en meðal þeirra manna, sem óska þess, að reynt verði sem mest að leysa úr orkuþörf landsmanna með virkjun vatnsafls, hafa einkum verið uppi tvær stefnur. Önnur stefnan er sú, að styrkja vatnsaflsvirkjanir og raforkuveitur með framlagi úr rikissjóði (sbr. frv. J. Þorl. o. fl. 1929 um raforkuveitur til almenningsþarfa). Hin stefnan, sem telja má, að orðið hafi ofan á i raforkumálanefnd rikisins, nefnd, sem ríkisstjórnin skipaði sumarið 1930 til að rannsaka og gera tillögur um raforkumálin, er sú, að heppilegasta leiðin sé, að *virkJun vatnsafls til framleiðslu raforku til almenningsþarfa fari fram eftir ákveðinni fastri áætlun fyrir allt landið, og að þau fyrirtækin séu framkvæmd fyrst, sem sýnilega bera sig best fjárhagslega*. Ennfremur að stuðningur frá rikisins hálfu komi eigi fram sem styrkur, heldur sem ábyrgð á eða útvegum lánsfjár til virkjana eða veitutauga, enda er gengið út frá því, að gengið sé fyrst úr skugga um, hvort um fjárhagslega heilbriggt fyrirtæki er að ræða, áður en lán er veitt.

Svo sem kunnugt er hefir Reykjavíkurbær ákveðið að ráðast i virkjun Sogsins (Efra-Fallið) og liggur nú fyrir Alþingi frv. til laga um framkvæmdir i því máli. Samkv. því á að vera búið að virkja a. m. k. 5000 kw stöð við Efra-Fallið i Soginu eigi síðar en 1934—35. Að tilhlutnn raforkumálanefndar rikisins hefir verið rannsakað, hver tók væru á að láta öðrum sveitarfélögum en Reykjavík og Hafnarfirði i té raforku úr Sogi. Rannsóknin hefir leitt i ljós, að það borgar sig ágætlega að leggja orkuveitutaugar frá Sogveitunni: 1) Niður á Eyrarbakka og Stokkseyri og til Vestmannaeyja; 2) til Akraness; 3 suður um Reykjanes.

Raforkumálanefndin fól á síðastliðnu hausti þeim verkfræðingunum Jakob Gíslasyni, forstöðumanni rafmagnseftirlits rikisins, og Steingrími Jóns-syni, rafmagnsstjóra i Reykjavík, að rannsaka, hvernig linur út frá Sogsvirkjuninni myndu bera sig. Árangur þessarar rannsóknar varð:

1) Lína frá Sogi niður um Eyrarbakka og Stokkseyri og út til Vestmannaeyja (af Krossandi), að meðtöldum 90 sveitabæjum á leiðinni, og sem nær til 5434 manns, kostar 1 millj. 120 þús. krónur fyrir 97 wött flutt á mann. Með hæfilegu orkuverði frá stöðvarvegg (85 kr. árskw.) kostaði því raforkan komin til notenda um 36 krónur á mann, eða sama og Reykvíkingar greiða nú fyrir nál. helmingi minni raforku. Með því að salan eykst, lækkar svo verð-

ið á orkunni. Einnig myndi það geta orðið nokkru lægra, ef engir eða aðeins fáir sveitabæir væru reiknaðir með.

2) Lína frá spennistöð í Mosfellsveit, um Kjalarnes, yfir Hvalfjörð til Akraness, er flytti 200 wött á mann, myndi kosta með spennistöðinni 390 þúsund krónur. Línan gæti flutt raforku til ca. 1500 manns og tekjurnar rúml. 14% af stofnkostnaði linunnar, en 12% er talið nægilegt til að línan beri sig, með því að greiða 85 kr. fyrir raforkuna við stöðvarvegg í Sogi eða tilsvarendi verð fyrir orkuna frá spennistöð.

3) Lína frá afspennistöð við Elliðaár suður um Reykjanes nær til 2450 manns, kostar rúmlega 500 þús. kr. og myndi geta gefið af sér um 13%, eða rúmlega nóg til að bera linukostnaðinn, enda þótt orkan gæti orðið ca. þrisvar sinnum ódýrari til notenda en Reykvikingar greiða nú fyrir raforku.

Ísafjarðarkaupstaður hefir sem kunnugt er leitað ábyrgðar ríkissjóðs fyrir láni til rafveitu. Sömuleiðis Siglufjarðarkaupstaður. Um fyrirhugaða rafveitu Ísafjarðar liggur fyrir fullunnin kostnaðaráætlun, er sýnir, að stöðin muni vel bera sig, enda hefir bygging stöðvarinnar einu sinni verið boðin út. Um byggingu rafstöðvar handa Siglufirði (og ef til vill einnig Sauðárkróki og Skagafjarðarhéraði) liggur fyrir nokkuð nákvæm áætlun, er virðist benda til, að Siglufjarðarvirkjunin verði mjög gott fyrirtæki. Þess verður einnig sjálf-sagt skammt að biða, að Akureyrarkaupstaður og umhverfi þarfnist meiri raforku. Það er því sýnilegt, að ríkissjóður verður á hverju ári í næstu 10 ár eða lengur beðinn um ábyrgð fyrir rafveitulánum, og það sumum hverjum allstórum. Ólíklegt er, að mörgum sveitarfélögum muni takast að fá nægilega hagstæð lán innanlands eða erlendis án ríkisábyrgðar. Ef leysa ætti úr málinu á þennan hátt, litur út fyrir, að árangurinn mundi verða sá, að annaðhvort yrði ríkið allmjög að auka við ábyrgðarskuldbindingar sínar á smáum lánum erlendis, sem af ýmsum er talið vafasamt, hversu holt sé fyrir lánstraust ríkisins, eða að ábyrgðirnar yrðu ekki veittar og framkvæmdir um virkjun drægjust von úr viti. Telja má vist, að fyrsta virkjun Sogsins verði eigi leyst með öðru móti betur en að ríkið ábyrgist lán til hennar, þar sem um svo stórt fyrirtæki er að ræða. Hinsvegar er ekki nauðsyn á að leggja strax meiri orkutaugar frá Sogsveitunni en til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og þannig hægt að minnka fyrstu lántöku til Sogsvirkjunar. Aðrar raforkutaugar þaðan mætti vel hugsa sér að leggja á 5--6 árum.

Ef Efra-Fallið í Sogi verður virkjað á næstu 3—4 árum og til þess fengið erlent lán með ríkisábyrgð (ca. 6—7 millj. króna), væri unnt með því móti, sem stungið er upp á í frumvarpinu að framan, að ljúka á næstu 10 árum við allar þær framkvæmdir um rafveitur, sem nú sem stendur litur út fyrir, að vel geti borið sig fjárhagslega, enda gengið út frá því, að lántakandi geti ætíð sjálfur útvegað sér um $\frac{1}{3}$ hluta byggingarkostnaðar að láni annarsstaðar eða lagt þá upphæð fram á t. d. 5 árum. Sundurliðaðar gætu framkvæmdirnar orðið í aðaldráttum þannig:

Árið	Lánað	Stofnkostnaður orkuvers eða orkuveitu		Tekjur sjóðs	
1932 Ísafjarðarkaupst., (fyrri hluti)	400 þús. kr.	550 þús. kr.	495 þús. kr.		
1933 Sami (síðari hl.) .. 40 þús. Siglufjörkpst. (fyrri hl.) 260 —	300 — —	700 — —	257 — —		
1934 Sami (síðari hluti)	300 — —	„ — —	270 — —		
1935 Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Vestmannaeyjalína	300 — —	1120 — —	284 — —		
1936 Sama	300 — —	„ — —	273 — —		
1937 Sama	300 — —	„ — —	290 — —		
1938 Akraneslína	310 — —	390 — —	324 — —		
1939 Reykjaneslína	400 — —	500 — —	356 — —		
1940 Akureyrarvirkjun (Eyjafjarð- ar- og S-Þing.sýslur)	400 — —	1500 — —	388 — —		
1941 Sama	400 — —	„ — —	423 — —		
1942 Sama	400 — —	„ — —	454 — —		
		3810 þús. kr.	4760 þús. kr.	3814 þús. kr.	

Framangreint yfirlit er reiknað út með tilliti til greiðslu vaxta og afborgana og miðað við, að lánin greiðist upp á 20 árum, og mun vera nærri lagi, þótt tölurnar séu eigi alveg nákvæmar, enda myndi það ætíð á valdi stjórnar sjóðsins, hvernig færi um sjóðseign og greiðslu vaxta og afborgana frá ári til árs. Árið 1942 standa eftir af stofnláni sjóðsins 350 þús. krónur, og *verður hrein eign sjóðsins þá um 3½ milljón króna*. Úr því yrðu árlegar tekjur sjóðsins af vöxtum og afborgunum 2—300 þús. krónur, sem mætti annaðhvort verja til áframhaldandi lána í sama skyni, eða til þess að styrkja þá, sem verri aðstöðu hafa til að verða raforku aðnjótandi.

Með framangreindri skipun rafmagnsmálsins yrði á næstu 11 árum húið að lána til og fullgera raforkuveitur til almenningsþarfa á öllum þeim stöðum á landinu, sem nú litur helzt út fyrir, að slík fyrirtæki geti borið sig án styrks. Væri þá séð fyrir nægri og ódýrri raforku handa 7—10 þús. manns á Norðurlandi, 3—4 þús. manns á Vesturlandi og 40—45 þús. manns á Suðurlandi, eða 50—60 þús. manns á öllu landinu.

Á þeim stöðum á landinu, þar sem annaðhvort er ekki hægt að ná til raforku úr stórra kaupstaðarveitu, eða það borgar sig eigi sökum vegalengda o. s. frv., er eðlilegt, að mönnum sé séð fyrir þægilegum lánnum til að virkja smávatnsaflsstöðvar, þar sem því verður við komið, og er eðlilegt, að Búnaðarbanki Íslands sjái bændum fyrir slíkum lánnum, og væri nauðsynlegt, að veiting slíkra lána yrði hafin svo fljótt sem unnt er.

Enda þótt rannsóknir á sveitaveitum út frá Sogi hafi leitt í ljós, að lítt er hugsanlegt, að orkuveitur um strjálbýlar sveitir geti borið sig fjárhagslega, virðist rétt að leggja áherslu á að teygja orkuveitur frá höfuðveitum kaupstaðanna upp um sveitirnar, þar sem ekki þarf mikið opinbert framlag til þess

að sveitaorkuveita geti borið sig, þegar fé verður fyrir hendi til þess, en það myndi verða eftir rúmlega 10 ár, er Rafveitulánasjóðurinn hefði lokið við lánveitingar til aðalorkuveitnanna. Væru þá tiltækilegar um 2—300 þúsund krónur á ári í þeim tilgangi.